

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

CircoMax stungulyf, fleyti fyrir svín

2. INNIHALDSLÝSING

Hver 2 ml skammtur inniheldur:

Virki innihaldsefni:

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein (open reading frame 2) úr svínacircoveirum af tegund 2a 1,5 – 4,9 RP*

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2b 1,5 – 5,9 RP*

Ónæmisglæðar:

MetaStim sem inniheldur:

Squalan

0,4% (v/v)

Poloxamer 401

0,2% (v/v)

Polysorbat 80

0,032% (v/v)

*RP (relative potency) einingar ákvarðaðar með magnmælingu mótefnavaka með ELISA-prófi (*in vitro* styrkmæling), með samanburði við viðmiðunarbóluefni.

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Einbasískt kalíumfosfat, vatnsfrítt
Natríumklóríð
Kalíumklóríð
Dínatríumfosfat, vatnsfrítt
Natríumfosfat tvíbasískt, heptahýdrat
Dínatríumtetrabórat, dekahýdrat
Tetranatríum EDTA
Vatn fyrir stungulyf

Hvítt, einsleitt fleyti.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Eldissvín.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Virki ónæming gegn svínacircoveiru af tegund 2 hjá svínum, til að minnka veirumagn í blóði og eitilvef, veirusýkingar með saur og skemmdir í eitilvef völdum svínacircoveirusýkingar af tegund 2. Sýnt hefur verið fram á vernd gegn svínacircoveirum af tegundum 2a, 2b og 2d.

Ónæmi myndast (báðar bólusetningaráætlanir): 3 vikum eftir (síðustu) bólusetningu.

Ónæmi endist í (báðar bólusetningaráætlanir): 23 vikur eftir (síðustu) bólusetningu.

3.3 Frábendingar

Engar.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi bóluefnisins hjá göltum sem ætlaðir eru til undaneldis. Notið ekki handa göltum sem ætlaðir eru til undaneldis.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Eldissvín:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Hækkaður líkamshiti (<2,1°C, gengur til baka innan 24 klukkustunda) Þroti á stungustað (2-5 cm í þvermál; í 7-10 daga) ^a
Sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 1.000 dýrum sem fá meðferð):	Hörundsroði (á fyrstu 24 klukkustundunum) Ofnæmisviðbrögð: uppköst, samhæfingarskortur, svefndrungi og öndunarerfiðleikar (gengur til baka innan 24 klukkustunda hjá flestum dýrum)

^aÍ rannsókn þar sem stungustaður var krufinn 2 vikur eftir gjöf endurtekinna stakra skammta af bóluefninu var mjög algengt að sjá væga bólgusvörun með eitilfrumum og bólguhnúðum (mild lymphocytic-granulomatous inflammatory response).

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða lyfjafirvalda gegnum tilkynningakerfi Lyfjastofnunar. Einnig má finna viðeigandi upplýsingar um tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Meðganga og mjólkurgjöf:

Á ekki við.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Bólusetja á svín í hnakkavöðva, aftan við eyra.

Bólusetningaráætlun með einum skammti:

Stakur 2 ml skammtur handa svínunum frá 3 vikna aldri.

Bólusetningaráætlun með skiptum skömmtum:

Tveir 1 ml skammtar handa svínunum frá 3 daga aldri, með u.þ.b. 3 vikna millibili.

Við val á bólusetningaráætlun, þ.m.t. aldri við bólusetningu, á að taka tillit til aðstæðna á býlinu. Við aðstæður þar sem búast má við miðlungi miklu eða miklu magni af mótefnum gegn PCV2 frá móðurinni er ráðlagt að nota bólusetningaráætlun með skiptum skömmtum eða seinka bólusetningu þar til dýrin verða eldri.

Hristið vel fyrir gjöf og öðru hvoru meðan á bólusetningu stendur.

Mælt er með því að nota fjölskammtasprautur eða nálarlausan búnað til inndælingar í vöðva. Nota á allan útbúnað samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda í hvert skipti. Ef bóluefnið er gefið án nálar á að nota nálarlausan búnað sem er viðeigandi til að gefa 2 ml skammt með inndælingu í vöðva hjá svínunum frá 3 vikna aldri. Fylgja á leiðbeiningum framleiðanda varðandi þann þrýsting sem þarf að nota til að gefa skammtinn og varðandi meðhöndlun og hreinsun búnaðarins. Fylgja á þeim takmörkunum sem framleiðandi búnaðarins kann að hafa sett með tilliti til aldurs dýra eða þyngdarmarka.

Viðhafa á smitgát við bólusetninguna.

Við geymslu getur myndast lítilsháttar svört útfelling og fleytið getur skilið sig í tvo aðgreinda fasa. Ef dýralyfið er hrist hverfur svarta útfellingin og fleytið verður aftur einsleitt.

3.10 Einkenni ofskömmtunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Í rannsóknum á stuðningsmeðferð við ofskömmtun hafa sést svefnhöfgi og mjög hröð öndun. Tímabundinn vægur þroti á stungustað getur komið fram í allt að 1 dag. Tímabundin hækkun líkamshita (að hámarki í 41,1°C) getur komið fram í allt að 12 klukkustundir.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Sá sem ætlar að framleiða, flytja inn, hafa í sinni vörslu, selja, dreifa og/eða nota þetta dýralyf skal fyrst leita til yfirvalda í viðkomandi aðildarríki til að fá upplýsingar um hvaða bólusetningarreglur gilda um dýr vegna þess að vera má að bólusetning sé óheimil í aðildarríkinu öllu eða á tilteknum svæðum, á grundvelli löggjafar ríkisins.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI09AA07

Bóluefnið inniheldur óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem tjá ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2a og óvirkjaðar, erfðabreyttar blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem tjá ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2b. Bóluefnið örvar myndun virks ónæmis gegn ýmsum arfgerðum PCV2 hjá svínunum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 18 mánuðir.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: Notið strax.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Lítillsháttar svört útfelling getur myndast og fleytið getur skilið sig í tvo aðgreinda fasa við geymslu. Ef dýrallyfið er hrist hverfur svarta útfellingin og fleytið verður aftur einsleitt.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Hettuglós úr háþéttnipólýetýleni með 50 ml, 100 ml eða 250 ml, með tappa úr klóróbútýlfjölliðu, innsiglað með álhettu.

Pappaaskja með 1 hettuglasi með 50 ml, 100 ml eða 250 ml.

Pappaaskja með 10 hettuglösum með 50 ml eða 100 ml.

Pappaaskja með 4 hettuglösum með 250 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/21/281/001-006.

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 11. janúar 2022.

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

PAPPAASKJA

1. HEITI DÝRALYFS

CircoMax stungulyf, fleyti

2. VIRK INNIHALDSEFNI

2 ml innihalda:

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2a (1,5 – 4,9 RP)

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2b (1,5 – 5,9 RP)

3. PAKKNINGASTÆRD

50 ml

100 ml

250 ml

10 x 50 ml

10 x 100 ml

4 x 250 ml

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Svín (eldissvín)



5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í vöðva.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota strax.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið og flytjið í kæli.
Má ekki frjósa.
Verjið gegn ljósi.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/21/281/001 (50 ml)
EU/2/21/281/002 (100 ml)
EU/2/21/281/003 (250 ml)
EU/2/21/281/004 (10 x 50 ml)
EU/2/21/281/005 (10 x 100 ml)
EU/2/21/281/006 (4 x 250 ml)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

HETTUGLÖS ÚR HDPE (250 ml)

1. HEITI DÝRALYFS

CircoMax stungulyf, fleyti

2. VIRK INNIHALDSEFNI

2 ml innihalda:

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings PCV af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr PCV af tegund 2a (1,5 – 4,9 RP).

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings PCV af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr PCV af tegund 2b (1,5 – 5,9 RP).

3. MARKDÝRATEGUNDIR

Svín (eldissvín)



4. ÍKOMULEIÐIR

i.m.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

6. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota strax.

7. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið og flytjið í kæli.

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

8. HEITI MARKADSLEYFISHAFA

Zoetis Belgium

9. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM
HETTUGLÖS ÚR HDPE (50 ml eða 100 ml)

1. HEITI DÝRALYFS

CircoMax



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings PCV af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr PCV af tegund 2a (1,5 – 4,9 RP) og ORF2-prótein úr PCV af tegund 2b (1,5 – 5,9 RP).

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota strax.

B. FYLGISEDILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýralyfs

CircoMax stungulyf, fleyti fyrir svín

2. Innihaldslýsing

Hver 2 ml skammtur inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein (open reading frame 2) úr svínacircoveirum af tegund 2a 1,5 – 4,9 RP*

Óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem innihalda ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2b 1,5 – 5,9 RP*

Ónæmisglæðir:

MetaStim sem inniheldur:

Squalan

0,4% (v/v)

Poloxamer 401

0,2% (v/v)

Polysorbat 80

0,032% (v/v)

*RP (relative potency) einingar ákvarðaðar með magnmælingu mótefnavaka með ELISA-prófi (*in vitro* styrkmæling), með samanburði við viðmiðunarbóluefni.

Hvítt, einsleitt fleyti.

3. Markdýrategundir

Svín (eldissvín)

4. Ábendingar fyrir notkun

Virk ónæming gegn svínacircoveiru af tegund 2 hjá svínum, til að minnka veirumagn í blóði og eitilvef, veirulosun með saur og skemmdir í eitilvef af völdum svínacircoveirusýkingar af tegund 2. Sýnt hefur verið fram á vernd gegn svínacircoveirum af tegundum 2a, 2b og 2d.

Ónæmi myndast (báðar bólusetningaráætlanir): 3 vikum eftir (síðustu) bólusetningu.

Ónæmi endist í (báðar bólusetningaráætlanir): 23 vikur eftir (síðustu) bólusetningu.

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundum:

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi bóludefnisins hjá göltum sem ætlaðir eru til undaneldis. Notið ekki handa göltum sem ætlaðir eru til undaneldis.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Á ekki við.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóludefnis við samtímis notkun neins annars dýralyfs. Ákvörðun um notkun þessa bóludefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ofskömmun:

Í rannsóknum á stuðningsmeðferð við ofskömmun hafa sést svefnhöfgi og mjög hröð öndun. Tímabundinn vægur þroti á stungustað getur komið fram í allt að 1 dag. Tímabundin hækun líkamshita (að hámarki í 41,1°C) getur komið fram í allt að 12 klukkustundir.

Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun:

Einstaklingar sem hafa í huga að framleiða, flytja inn, hafa í sinni vörslu, selja, dreifa eða nota þetta dýralyf skulu fyrst leita til yfirvalda í viðkomandi aðildarlandi til að fá upplýsingar um hvaða bóludefningarreglur gilda vegna þess að vera má að bóludefning sé óheimil í aðildarríkinu öllu eða á tilteknum svæðum, á grundvelli löggjafar ríkisins.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við nein önnur dýralyf.

7. Aukaverkanir

Eldissvín:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Hækkaður líkamshiti (<2,1°C, gengur til baka innan 24 klukkustunda) Þroti á stungustað (2-5 cm í þvermál; í 7-10 daga)
Sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 1.000 dýrum sem fá meðferð):	Hörundsroði (á fyrstu 24 klukkustundunum) Ofnæmisviðbrögð: uppköst, samhæfingarskortur, svefndrungi og öndunarerfiðleikar (gengur til baka innan 24 klukkustunda hjá flestum dýrum)

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafyrvalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Gefa á bóludefnið í hnakkavöðva, aftan við eyra.

Bólusetningaráætlun með stökum skammti:

Stakur 2 ml skammtur handa svínunum frá 3 vikna aldri.

Bólusetningaráætlun með skiptum skömmtum:

Tveir 1 ml skammtar handa svínunum frá 3 daga aldri, með u.þ.b. 3 vikna millibili.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Við val á bólusetningaráætlun, þ.m.t. aldri við bólusetningu, á að taka tillit til aðstæðna á býlinu. Við aðstæður þar sem búast má við miðlungi miklu eða miklu magni af mótefnum gegn PCV2 frá móðurinni er ráðlagt að nota bólusetningaráætlun með skiptum skömmtum eða seinka bólusetningu þar til dýrin verða eldri.

Hristið vel fyrir gjöf og öðru hvoru meðan á bólusetningu stendur.

Mælt er með því að nota fjölskammtasprautur eða nálarlausan búnað til inndælingar í vöðva. Nota á allan útbúnað samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda í hvert skipti. Ef bóluefnið er gefið án nálar á að nota nálarlausan búnað sem er viðeigandi til að gefa 2 ml skammt með inndælingu í vöðva hjá svínunum frá 3 vikna aldri. Fylgja á leiðbeiningum framleiðanda varðandi þann þrýsting sem þarf að nota til að gefa skammtinn og varðandi meðhöndlun og hreinsun búnaðarins. Fylgja á þeim takmörkunum sem framleiðandi búnaðarins kann að hafa sett með tilliti til aldurs dýra eða þyngdarmarka. Viðhafa á smitgát við bólusetninguna. Við geymslu getur myndast lítilsháttar svört útfelling og fleytið getur skilið sig í tvo aðgreinda fasa. Ef dýralyfið er hrist hverfur svarta útfellingin og fleytið verður aftur einsleitt.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og hettuglasinu á eftir Exp.

Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: Notið strax.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

Markmiðið er að vernda umhverfið.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/21/281/001-006.

Pappaaskja með 1 hettuglasi (HDPE) með 50 ml, 100 ml eða 250 ml.

Pappaaskja með 10 hettuglösum (HDPE) með 50 ml eða 100 ml.

Pappaaskja með 4 hettuglösum (HDPE) með 250 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Zoetis Belgium
Rue Laid Burniat 1
1348 Louvain-La-Neuve
BELGÍA

België/Belgique/Belgien
Tél/Tel: +32 (0) 800 99 189
pharmvig-belux@zoetis.com

Република България
Тел: +359 888 51 30 30
zoetisromania@zoetis.com

Česká republika
Tel: +420 257 101 111
infovet.cz@zoetis.com

Danmark
Tlf: +45 70 20 73 05
adr.scandinavia@zoetis.com

Deutschland
Tel: +49 30 2020 0049
tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com

Eesti
Tel: +370 610 05088
zoetis.estonia@zoetis.com

Ελλάδα
Τηλ: +30 210 6791900
infoгр@zoetis.com

Lietuva
Tel: +370 610 05088
zoetis.lithuania@zoetis.com

Luxembourg/Luxemburg
Tél/Tel: +32 (2) 746 80 11
pharmvig-belux@zoetis.com

Magyarország
Tel.: +36 1 224 5200
hungary.info@zoetis.com

Malta
Tel: +356 21 465 797
info@agrimedltd.com

Nederland
Tel: +31 (0)10 714 0900
pharmvig-nl@zoetis.com

Norge
Tlf: +47 23 29 86 80
adr.scandinavia@zoetis.com

Österreich
Tel: +43 (0)1 2701100 100
tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com

España

Tel: +34 91 4191900
regulatory.spain@zoetis.com

France

Tél: +33 (0)800 73 00 65
contacteznous@zoetis.com

Hrvatska

Tel: +385 1 6441 462
pv.westernbalkans@zoetis.com

Ireland

Tel: +353 (0) 1 256 9800
pvsupportireland@zoetis.com

Ísland

Sími: +354 540 8000
icepharma@icepharma.is

Italia

Tel: +39 06 3366 8111
farmacovigilanza.italia@zoetis.com

Κύπρος

Τηλ: +30 210 6791900
infoqr@zoetis.com

Latvija

Tel: +370 610 05088
zoetis.latvia@zoetis.com

Polska

Tel.: +48 22 2234800
pv.poland@zoetis.com

Portugal

Tel: +351 21 042 72 00
zoetis.portugal@zoetis.com

România

Tel: +40785019479
zoetisromania@zoetis.com

Slovenija

Tel: +385 1 6441 462
pv.westernbalkans@zoetis.com

Slovenská republika

Tel: +420 257 101 111
infovet.cz@zoetis.com

Suomi/Finland

Puh/Tel: +358 10 336 7000
laaketurva@zoetis.com

Sverige

Tel: +46 (0) 76 760 0677
adr.scandinavia@zoetis.com

United Kingdom (Northern Ireland)

Tel: +353 (0) 1 256 9800
pvsupportireland@zoetis.com

17. Aðrar upplýsingar

Bóluefnið inniheldur óvirkjaðar, raðbrigða blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem tjá ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2a og óvirkjaðar, erfðabreyttar blendings-svínacircoveirur af tegund 1 sem tjá ORF2-prótein úr svínacircoveirum af tegund 2b. Bóluefnið örvar myndun virks ónæmis gegn ýmsum arfgerðum PCV2 hjá svínum.